

## Ársfundur Starfsgreinasambands Íslands 2003

### Ályktun um kjaramál

Ársfundur Starfsgreinasambands Íslands telur að í komandi kjarasamningum verði að leggja mesta áherslu á aukinn kaupmátt launa, jafnframt því að ná sátt um að lægstu laun taki verulegum hækkunum umfram önnur laun. Sýnt er að sú aðferð sem notuð hefur verið til að hækka lægstu laun í tveimur síðustu kjarasamningum hefur bæði skilað marktækum árangri og um hana ríkt breið sátt í samfélaginu. Starfsgreins sambandið minnir á, að dagvinnulaun almenns verkafólks eru enn allt of lág.

Allt frá þjóðarsáttarsamningunum 1990 hefur launafólk innan ASÍ tekið að sér að bera ábyrgð á stöðugleika í efnahagslífi þjóðarinnar og oftast en ekki bjargað stjórnvöldum frá stórslysum. Launahækkningar til ríkisstarfsmanna í félögum opinberra starfsmanna hafa verið meiri en á almenna vinnumarkaðnum. Þessi launaþróun hefur þó ekki náð til ASÍ félaga í starfi hjá ríkinu. Þeir hafa settið eftir bæði hvað varða launakjör og réttindi í samanburði við vinnufélaga sína í félögum opinberra starfsmanna. Þetta hefur gerst þrátt fyrir að fjármálaráðherra hafi lofað aðgerðum til jöfnunar í samkomulaginu frá 13. des. 2001. Loforðið hefur nú staðið óefnt í tæp tvö ár, þrátt fyrir ítrekaðar áminningar.

Ársfundurinn telur að það muni hafa mikil áhrif á framvindu komandi kjarasamninga hvernig stjórnvöldum tekst til að stýra efnahagsmálum á næstu misserum. Koma verður í veg fyrir að stjórn efnahagsmála verði með þeim hætti að útflutnings- og samkeppnisgreinar sigli í strand vegna áhrifa af stórvirkjunum og framkvæmdum þeim tengdum.

Ársfundur Starfsgreinasambandsins telur brýnt að velferðakerfið verði eftt.

Ársfundurinn telur að forgangsverkefni við eflingu velferðarkerfisins sé,

- hækkun atvinnuleysisbóta og virkari vinnumarkaðsaðgerðir
- auka þarf stuðning við barnafólk, ekki síst vegna lyfja-, læknis- og ferðakostnaðar.
- auka þarf rétt foreldra, vegna veikinda barna umfram það sem náðst hefur í kjarasamningum, með greiðslum frá ríkinu.
- undirbúa þarf lög sem kveða á um greiðslur til foreldra í foreldraorlofi.
- hækka þarf sjúkradagpeningagreiðslur frá TR.
- nauðsynlegt er að draga úr tekjutengingum í almannatryggingakerfinu, því nú njóta þeir sem greitt hafa í lífeyrissjóði í langan tíma lítils af þeirri fyrirhyggju í samanburði við þá sem komið hafa sér hjá slíkum greiðslum.